

Guðmundur Njáll Guðmundsson

Ábyrgð á birtu efni á Internetinu

- BA ritgerð í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson

Lagadeild Háskóla Íslands

Ágúst 2008

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Tjáningarfrelsi og ærumeiðingar.....	3
2.1 Tjáningarfrelsi.....	3
2.1.1 Almennt.....	3
2.1.2 Stjórnarskráin.....	3
2.1.3 Alþjóðasáttmálar.....	4
2.1.4 Takmarkanir á tjáningarfrelsinu.....	4
2.2 Ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs.....	5
2.2.1 Almennt.....	5
2.2.2 Friðhelgi einkalífs.....	6
2.2.3 Tegundir ærumeiðinga.....	6
2.2.4 Útbreiðsla ærumeiðinga.....	7
3. Ábyrgð á ærumeiðandi efni á Internetinu.....	7
3.1 Almennt.....	7
3.2 Ef vitað er um höfund efnis.....	8
3.2.1 Hver er höfundur efnis.....	9
3.3 Ef ekki er vitað um höfund efnis.....	11
3.3.1 Ábyrgðarröð prent- og útvarpslaga.....	11
3.3.1.1 Kemur löggjöfnun frá ábyrgðarröð prentlaga, um ábyrgð annarra en höfundar, til greina varðandi ábyrgð á birtu efni á Netinu?.....	12
3.3.2 Ábyrgð milligönguaðila.....	15
3.3.2.1 Almennt.....	15
3.3.2.2 Sjálfstæð ábyrgð umsjónarmanns vefsíðu.....	16
3.3.2.3 Sjálfstæð ábyrgð bloggara.....	17
3.3.2.4 Um takmörkun á ábyrgð milligönguaðila, sbr. V.kafli laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.....	18
3.3.2.5 Sjálfstæð ábyrgð milligönguaðila samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.....	20
4. Lokaorð.....	21
Heimildir.....	22
Dómar.....	23

1. Inngangur

Á örskömmum tíma hefur orðið bylting á tölvu- og fjarskiptasviðinu sem hefur opnað fyrir mannkyni nýjan víddir. Með hjálp tölvunnar hafa landamæri verið afmáð. Netið hefur opnað fyrir fólki nýja heima sem áður virtust í órafjarlægð.¹ En Netið er ekki gallalaust, nema síður sé.

Því er oft haldið á lofti í umræðum um vefmiðlana, að á þeim grasseri alls kyns ærumeiðingar og dónaskapur sem annað hvort er skrifaður undir dulnefni eða er hreinlega nafnlaus. Þess stóra misskilnings hefur líka gætt að vegna þess að þetta efni sé á Netinu þá gildi allt aðrar reglur um það, t.d. varðandi ærumeiðingar o.fl.

Samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 liggur refsing við ærumeiðandi ummælum og skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 má dæma menn til greiðslu miskabóta, eftir atvikum, ef við á. Þessi úrræði eiga við óháð því hvert birtingarform hinna ærumeiðandi ummæla er. Þess vegna eiga allir að vera ábyrgir orða sinna, hvar og hvernig sem þau birtast.

Í ritgerð þessari verður fjallað um það hver beri hina formlegu ábyrgð á ærumeiðandi efni sem birtist á Netinu. Rætt verður um hugsanlega ábyrgð höfundar, þegar vitað er hver hann er. Í því samhengi verður einnig sýnt fram á að oft er miklum vandkvæðum bundið að komist að því hver höfundurinn er.

En þegar ekki er vitað um höfund efnis vandast málið. Kannað verður hvort lögjöfnun frá ábyrgðarröð prentlaga nr. 57/1956 (hér eftir nefnd prl.) sé mögulega tæk. Einnig verður fjallað um hugsanlega sjálfstæða ábyrgð milligönguaðila og ýmis álitamál því tengd sem gera það að verkum að almennt standi reglur gegn ábyrgð milligönguaðila á Netinu.

Þetta verður þungamiðja umfjöllunar minnar. Í kafla tvö verður að auki fjallað lítillega um samspil tjáningarfrelsis og ærumeiðinga og tengsl þess við ærumeiðingar.

Tilkoma Netsins í tengslum við ærumeiðingar býður upp á fjölda lögfræðilegra álitaeftna. Því fer víðs fjarri að þeim sé öllum gerð viðhlítandi skil í stuttri ritgerð sem þessari. Sennilega má þó segja að helstu álitaeftnin séu annars vegar álitaeftnið um það

¹ Í þessari ritgerð verða orðin Internet og Net notuð jöfnum höndum. Vísa þau til sama hugtaksins. Einnig er venjan að rita þau með stórum staf, sbr. Orðabók Menningarsjóðs.

hver beri hina formlegu ábyrgð og hins vegar álitaeftin um lögsöguna. Að auki mætti nefna reglur um varnarþing, refsilögsögu, lagaskil o.fl. sem verða ekki gerð frekari skil í ritgerð þessari.

Þess ber að geta að tiltölulega lítið hefur verið skrifað um þetta viðfangsefni á íslensku og einnig hafa fáir dómar gengið varðandi efnið.

2. Tjáningarfrelsi og ærumeiðingar

2.1 Tjáningarfrelsi

2.1.1 Almenn

Tjáningarfrelsið inniheldur dýrmæt réttindi fyrir hvern einstakling. Að auki eru þessi réttindi nauðsynleg forsenda lýðræðislegra stjórnarhátta og þessvegna mikilvæg til aðhalds á sviði stjórnámálalegrar umræðu. Segja má að í þessum skilningi sé tjáningarfrelsið eitt af meginstoðum lýðræðisins. En tjáningarfrelsið er vandmeðfarið og ekki ótakmarkað og verður hver einstaklingur að bera ábyrgð, skerði hann réttindi annarra. Því eru heimilaðar ákveðnar skorður á því til verndar þessum réttindum og einnig vegna hagsmuna þjóðfélagsins í heild.²

2.1.2 Stjórnarskráin

Árið 1995 voru mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995 (hér eftir kölluð stjórnarskrá eða stjkskr.) enduskoðuð og sett í sérstakan kafla, þar sem sérstakt tillit var tekið til alþjóðlegra skuldbindinga til verndar mannréttindum.³ Fyrir þann tíma var einungis prentfrelsi tryggt í stjórnarskránni en hvergi berum orðum minnst á tjáningarfrelsið sjálft eða aðra þætti þess. Reyndar var þágildandi prentfrelsisákvæði talið fela í sér mun víðtækari vernd en orðalag þess gaf beinlínis til kynna. Þótti því eðlilegt að vernd tjáningarfrelsisins tæki einnig til nýrra miðla, samfara örrí tækniþróun.⁴ Þau ákvæði

² Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, bls. 570-571.

³ Sama heimild, bls. 459-460.

⁴ Sama heimild, bls. 570.

sem vernda skoðana- og tjáningarfrelsi er nú að finna í 73. gr. stj.skr. Fyrstu tvær málsgreinar þessa mikilvæga stjórnarskrárákvæðis hljóða svo:

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Var það yfirlýst stefna löggjafans (stjórnarskrárgjafans) að hið nýja ákvæði skyldi samræmast 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir nefndur MSE), sbr. síðar.⁵

2.1.3 Alþjóðasáttmálar

Íslendingar eru bundnir af fjölmörgum alþjóðlegum sáttmálum og samþykktum. Í mörgum þeirra eru ákvæði sem lúta að verndun tjáningarfrelsisins.⁶

Fyrst ber að nefna MSE, sem lögfestur var á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Tjáningarfrelsið er þar verndað í 10. gr. Ákvæðið verndar sérstaklega frelsi til að hafa skoðanir og taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum. Vísar það því sérstaklega til fjölmiðlafrelsis.⁷ Sáttmálinn er talinn vernda öll form tjáningar og í gegnum hvaða miðil sem er. Engum blöðum er um það að fletta að sáttmálinn hefur mikil áhrif á íslenskan rétt.

Einnig má nefna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948. Í 19. gr. hennar er kveðið á um skoðana- og tjáningarfrelsi.⁸ Að lokum má nefna 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi (hér eftir nefndur absr), sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna 1966 og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989.⁹

Ísland hefur fullgilt þessa sáttmála og er bundið við þá að þjóðarrétti.¹⁰ Ber því að líta til þeirra við skýringu og túlkun ákvæða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

2.1.4 Takmarkanir á tjáningarfrelsinu

⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 51.

⁶ Sama heimild, bls. 67.

⁷ Sama heimild, bls. 52.

⁸ Sama heimild, bls. 67.

⁹ Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, sbr. auglýsingu nr. 10/1979 og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992.

¹⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 68.

Þrátt fyrir mikilvægi tjáningarfrelsis sem mannréttinda, getur verið nauðsynlegt að setja því takmarkanir vegna annarra réttinda sem ber einnig að vernda.¹¹

Í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. er fjallað um takmarkanir á tjáningarfrelsinu. Þar eru sett þrjú skilyrði, svo að hægt sé að draga menn til ábyrgðar fyrir að fara út fyrir mörk tjáningarfrelsisins. Takmörkunin verður í fyrsta lagi að eiga að vera lögmælt. Í öðru lagi verður slíkt einungis gert í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins eða til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Að endingu verður slík takmörkun að vera nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum.¹²

Segja má að tvenns konar hagsmunir togist á. Annars vegar einstaklingshagsmunir, þ.e. réttur þess sem ummæli snerta og hins vegar almannahagsmunir, þ.e. réttur almennings á óheftri þjóðfélagsumræðu.¹³

Í áður nefndum sáttmálum, þ.e. 2. mgr. 10. gr. MSE og 3. mgr. 19. gr. absr. eru áþekk skilyrði til takmarkunar á tjáningarfrelsinu og í 3. mgr. stjkskr. þó að 2. mgr. 10. gr. MSE geri ráð fyrir rýmri heimildum til takmarkana.¹⁴ Eins ber að hafa í huga að þessar takmarkanir eru undanþágureglur og ber því að skýra þær þrengjandi lögskýringu.¹⁵

Það leiðir því ekki beinlínis af 3. mgr. 73. gr. stjkskr. að vernda beri æruna, heldur heimilar hún einfaldlega takmarkanir á tjáningarfrelsinu kjósi löggjafinn það. Það er aftur á móti 71. gr. stjkskr. sem veitir ærunni jákvæða vernd, sbr. næsti kafli.

2.2 Ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs

2.2.1 Almennt

Hvað felst í hugtakinu æra? Gunnar Thoroddsen skilgreindi hugtakið annars vegar sem sjálfsvirðingu manns, eða hina huglægu æru og hins vegar sem virðingu annarra manna fyrir viðkomandi, eða hina hlutlægu æru.¹⁶ Með ærumeiðingu er átt við það að ráðist sé á þessi verðmæti. Það er grundvallarregla í íslenskum rétti, að æra manna skuli njóta verndar.¹⁷ Ákvæði um ærumeiðingar eru í XXV.kafla almennra hegningarlega nr. 19/1940 (hér eftir nefnd hgl.). Í 26. gr. skaðabótalaga (hér eftir

¹¹ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*. Reykjavík 1997, bls. 47.

¹² Gunnar G Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, bls. 580-581.

¹³ Sama heimild, bls. 585.

¹⁴ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*. Reykjavík 1997, bls. 47

¹⁵ Sama heimild, bls. 55.

¹⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*. Reykjavík 1967, bls. 129.

¹⁷ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál”. *Tímarit lögfræðinga*. 3.hefti 1952, bls.124.

nefnd skbl.) er ærunni veitt vernd í formi miskabóta. Þeir fjölþjóðlegu sáttmálar er áður var minnst á vernda líka æruna.¹⁸ Stjórnarskráin veitir ærunni svo vernd í 71. gr.

2.2.2 Friðhelgi einkalífs

Í 1. mgr. 71. gr. stjkskr. segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Er talið að æran njóti verndar þessa ákvæðis, þrátt fyrir að það komi ekki berum orðum fram.¹⁹ Í ærumeiðingarmálum reynir á mörk tveggja „verndarsviða”, þ.e. tjáningarfrelsis og einkalífsverndar. Niðurstaðan er ekki alltaf skýr og byggist hún á mati á ýmsum hagsmunum sem tengjast báðum sviðunum. Segja má að þessir hagsmunir „vegi salt” ef svo má að orði komast.²⁰

2.2.3 Tegundir ærumeiðinga

Í hgl. eru ærumeiðingar flokkaðar í annars vegar móðganir, sbr. 234. gr. hgl. og hins vegar aðdróttanir, sbr. 235. gr. hgl. Mörkin þarna á milli eru stundum óskýr og segja má að einungis sé um stigsmun að ræða, frekar en eðlismun.²¹ Í móðgunum geta t.d. falist skammaryrði, uppnefni og háðsglósur sem lýsa óvirðingu og lítilsvirðingu.²² Með aðdróttun er átt við áburð um lastverðan verknað- eða eiginleika sem myndi lækka mann í álit annarra eða særa virðingu hans sjálfs, t.d. ásakanir um morð eða svik.²³ Í báðum flokkunum er miðað við almennann og hlutlægann mælikvarða.²⁴ Briglsyrði, sbr. 237. gr. hgl eru líka refsiverð. Er átt við álasanir eða ásakanir, sem kunna að fela í sér aðdróttanir, en þurfa þó ekki að vera svo víðtækar.²⁵

Segja má að þessi aðgreining skipti sífellt minna máli eftir því sem vegur 26. gr. skbl. eykst á þessu sviði, en hún greinir ekki á milli tegundanna, svo fremi sem hegðun feli í sér saknæma hegðun sem bitni á æru manna, sbr. nánar síðar.²⁶

¹⁸ Sjá: 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og ekki síst 8. gr. MSE.

¹⁹ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Úlfjótur* 1. tbl. 2007 bls. 38.

²⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 103.

²¹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1967, bls. 141-142.

²² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 200.

²³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1967, bls. 136-137.

²⁴ Sama heimild, bls. 138-139.

²⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 205.

²⁶ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Úlfjótur* 1. tbl. 2007 bls. 32.

2.2.4 Útbreiðsla ærumeiðinga

Útbreiðsla ærumeiðingar er jafnrefsiverð og sjálf frumærumeiðingin, sbr. 234. og 235. gr.hgl. Með útbreiðslunni fá enn fleiri vitneskju um hin niðrandi ummæli og getur það verið skaðlegra fyrir mannorðið en upphaflegu ummælin.

Til þess að flokkast undir útbreiðslu, þarf að hafa meiðyrðin eftir einhverjum öðrum.²⁷ Útbreiðsla ærumeiðinga er sérstaklega áhugaverð í tengslum við Netið. Hinn mikli hraði og hinir fjölmörgu samskiptamátar sem þar ráða ríkjum gera það að verkum að ótal möguleikar eru á að breiða út ærumeiðandi ummæli. Nefna má sem dæmi spjallborð, vefdagbækur, persónulegar heimasíður, tölvupósta o.s.frv. Þess ber þó að geta að þessi regla hefur verið talin á fallandi fæti og að nú þurfi mun meira til en áður svo að útbreiðsla meiðandi ummæla varði ábyrgð.²⁸

3. Ábyrgð á ærumeiðandi efni á Internetinu

3.1 Almenn

Er þá komið að meginumfjöllunarefni ritgerðarinnar, þ.e. að reyna að svara því hver beri hina formlegu ábyrgð á ærumeiðandi efni sem birtist á Netinu og brýtur gegn lögum. Fyrst ber að nefna að um þetta efni gilda engin sett lög.

Álitaefnin varðandi hina formlegu ábyrgð á ærumeiðandi efni á Netinu eru allnokkur. Þegar ljóst liggur fyrir hver setur tiltekið efni á Netið er ekkert því til fyrirstöðu að beita íslenskri meiðyrðalöggjöf og ber þá höfundur efnisins sjálfur ábyrgðina.²⁹ En þegar ekki er vitað um höfund efnis vandast málið. Það getur líka reynst þrautinni þyngri að komast að því, yfirhöfuð, hver hefur sett efni inn á Netið.

Vangaveltur um ábyrgð milligönguaðila eru einnig algengar og samfara því eru spurningar um það að hve miklu leyti einstaklingar og/eða fyrirtæki geta borið ábyrgð á ummælum sem ekki stafa beinlínis frá þeim sjálfum, þ.e.a.s. reglum um hlutlæga

²⁷ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*. Reykjavík 1967, bls. 266-267.

²⁸ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Útljótur* 1. tbl. 2007 bls. 86.

²⁹ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu”. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

ábyrgð á skrifum annarra. Til dæmis má nefna ábyrgð á athugasemdafærslum í vefdagbókum sem höfundur hefur ekki skrifað sjálfur.

Í lögum eru ákvæði um það hver beri ábyrgðina á því efni sem birtist í prent- og útvarpsmiðlum. Þau lög leysa úr þessu álitaefni varðandi þá miðla en reyndar hafa vangaveltur um hugsanlega lögjöfnun frá ábyrgðarreglum þessara laga borið á góma. Hins vegar hefur löggjafinn ekki sett samsvarandi reglur um Netið. Því ríkir því talsverð óvissa um ábyrgð þess efnis sem birtist á þar.³⁰ Hefur því verið talið að leysa beri úr álitaefninu á grundvelli almennra reglna.³¹

Verður í kaflanum gerð grein fyrir þessum álitaefnum.

3.2 Ef vitað er um höfund efnis

Ef vitað er um höfund efnis ber hann ábyrgðina.³² Dómstólar hafa staðfest þessa túlkun í nokkrum dómum sínum. En hafa ber í huga að dómaflóran varðandi þessi álitaefni er fátækleg eins og áður sagði og fordæmin því ekki mörg.

Í dómi *Hæstaréttar frá 30. mars. 2006 í máli nr. 490/2005*. X hafði verið ákærður fyrir ærumeiðingar, fyrir að birta nánar tiltekin ummæli um tvo lögreglumenn á vefsíðu sinni. Sneru ummælin að því að lögreglumennirnir hefðu m.a. lekið viðkvæmum upplýsingum til fikniefnasala. Málinu var reyndar vísað frá þar sem ekki var talið öruggt að rannsókn málsins hafi verið óvilhöll, m.a. vegna fyrri afskipta lögreglustjóra af málinu. En í forsendum *dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2005* í sama máli, var X óumdeilt talinn vera höfundur ummælanna og bæri hann því einnig ábyrgð á þeim. Var hann þó sýknaður þar sem ummæli hans voru ekki talin móðgun í skilningi 234. gr. hgl.

Í dómi *Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007* var G fundinn sekur um ærumeiðingar gagnvart Ó, sem hann viðhafði á bloggsíðu sinni. Kallaði hann Ó m.a. rasista og útlendingahatara. Í niðurstöðu héraðsdóms segir m.a. :
...„er óumdeilt að stefndi er höfundur þeirra skrifa þar sem umdeild ummæli birtust og ber hann ábyrgð á þeim. Eru framangreind ummæli um stefnanda ærumeiðandi“...
Málinu hefur verið áfrýjað til hæstaréttar.

³⁰ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu“. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

³¹ Sama heimild.

³² Sama heimild.

3.2.1 Hver er höfundur efnis

Af eðli Internetsins leiðir að oft getur verið erfitt að finna út og sanna hver hinn raunverulegi höfundur efnis er.³³ Eiga þolendur ærumeiðinga því oft erfitt með að komast að því hvern draga á til ábyrgðar. Það að einhver skrifi undir eigin nafni á Netinu er engin trygging fyrir því að um viðkomandi sé að ræða. Eins má nefna „vandamál” eins og netkaffihús og bókasöfn, þar sem oft er engin leið að rekja ummæli til réttis eiganda. Líka er algengt að einstaklingar séu „nafnlausir”, þ.e. komi ekki fram undir eigin nafni. Mörg netþjónustufyrirtæki reyna hins vegar að fá einhverjar lágmarksupplýsingar um notendur sína, t.d. nafn, heimilisfang o.s.frv. Þrátt fyrir það er í raun einfalt að dyljast. Mjög einfalt er hreinlega að gefa upp rangar upplýsingar þar sem upplýsinga er krafist. Þetta er t.d. algengt á spjallrásum landsmanna.

Sem dæmi um hversu erfitt getur verið að finna hinn „réttu höfund efnis”, má nefna *dóm Héraðsdóms Suðurlands frá 21.febrúar 2007 í máli nr. S-634/2006*. Þar var B sýknaður í opinberu máli sem var höfðað vegna meintra ærumeiðandi ummæla um prestinn H, sem birtust undir netfangi hans, draumaprins@visir.is á spjallsvæði vísis.is. Ákærði (B) viðurkenndi m.a. að hann hefði skráð netfangið á sitt nafn en neitaði því að hann hefði sjálfur skrifað og birt, á umræðuvef vefsíðunnar, þau ummæli sem tilgreind voru í ákæru. Í forsendum héraðsdóms segir :

[K]annast hann þó við að hafa verið skráður umráðamaður þessa netfangs en kveðst hafa upplýst bæði nemendur sína og ýmsa aðra um netfangið og tilheyrandi aðgangsorð og hvatt þá til að nýta sér það í því skyni að æfa sig í notkun slíkrar spjallsíðu... Enda þótt það sé mat dómsins að framburður ákærða sé ekki að öllu leyti trúverðugur þykir við mat á sök hans verða til þess að horfa að ekki liggja fyrir nein gögn sem tengja hann beinlínis við umrædd skrif... Virðist sem ekki hafi reynst unnt, svo löngu eftir að hin tilgreindu skrif áttu sér stað að, að rekja hvaða IP-tala tengdist skrifunum og þá frá hvaða tölvu skrifin stöfuðu... Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir lögfull sönnun ekki fram komin, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum...

³³ Sama heimild.

Oft mætti finna höfund efnis með því að rekja og finna hina svonefndu IP-tölu. Það er hinsvegar eingöngu á færi lögreglu og eru að auki sett ströng skilyrði fyrir slíku. Samkvæmt b-lið 86. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála (hér eftir nefnd oml.) verða upplýsingar um svokallaðar IP – tölur veittar, í þágu rannsóknar máls, að fengnum úrskurði dómara, nema samþykki umráðamanns og notanda liggi fyrir, sbr. 1. mgr. 87. gr. oml. Samkvæmt 2. mgr. 87. gr. oml. verða tvö skilyrði að vera uppfyllt til beita megi þessu úrræði. Í fyrsta lagi að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti og í öðru lagi að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum tveggja ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Yfirleitt mætti ætla að fyrri skilyrðinu væri fullnægt í málum er varða ærumeiðingar. Hæpnara er hins vegar að síðara skilyrðinu sé fullnægt í slíkum málum.

Í dómi *Hæstaréttar frá 13. júní. 2001 í máli nr. 193/2001* óskaði S eftir upplýsingum um það hvaða skráði notandi tiltekinnar Internetþjónustu hefði notað tiltekið dulnefni, sem S var alla jafna sjálfur þekktur undir, í skrifum sínum á netspjalli vefs héraðsfréttablaðs Ísfirðinga. Taldi sýslumaður, sóknaraðili málsins, nægilega ríka rannsóknarhagsmuni krefjast þess. Hæstiréttur féllst á að með lögjöfnun mætti beita þágildandi b.-lið. 86. gr. oml. ef skilyrðum greinarinnar væri uppfyllt. Að öllu virtu taldi Hæstiréttur að ekki væri um svo ríka almanna- eða einkahagsmuni að ræða. Var kröfu sýslumannsins því hafnað.

Vegna aðildar Íslands að samningi Evrópuráðsins um tölvubrot (e. Convention on Cybercrime), sem Ísland undirritaði árið 2001 var ákveðið að skerpa á þessum ákvæðum. Taka þau nú skýrar til tölvubrota en áður. Voru refsimörk til afhendingar gagna skv. b-lið 86. gr. oml. t.d breytt úr átta ára fangelsi í tveggja ára.³⁴ Þrátt fyrir þetta er ljóst að nokkuð mikið þyrfti til að koma svo að þessum skilyrðum væri fullnægt. Ekki yrði allt hins vegar unnið með þessum upplýsingum, því margir hafa bent á óáreiðanleika þeirra og líka hversu auðvelt sé að “rugla” tölunum, þannig að ógerningur sé að finna rétta aðilann á bak við þær. Til að flækja málin enn frekar eru meiðyrðamál almennt einkamál eða einkarefsimál, en til að fá IP-töluna þarf að fá lögregluna í málið. Til þess að málið sætti opinberri kæru, þyrfti væntanlega að sækja málið á grundvelli c-liðar 2. mgr. 242. gr.

³⁴ *Alpt.* 2005-2006, A-deild, bls. 3739-3740.

Sést því vel hversu erfitt getur verið að ná fram sönnun í þessum málum og nógu erfitt getur reynst að fá lögregluna til að „hreyfa sig“, sbr hið kunna „Lúkasarmál“ þar sem rannsókn máls hefur dregist fram úr hófi.

3.3 Ef ekki er vitað um höfund efnis

Verður einhver dreginn til ábyrgðar, ef ekki er vitað hver höfundurinn er. Er lögjöfnun frá ábyrgðarröð laga um prentrétt nr. 57/1956 tæk? Er sjálfstæð ábyrgð milligönguaðila jafnvel möguleg? Geta ákvæði hgl. jafnvel náð sjálfstætt yfir milligönguaðila í þessum tilvikum? Hér verður reynt að varpa ljósi á þessar spurningar.

3.3.1 Ábyrgðarröð prent- og útvarpslaga

Lög um prentrétt nr. 57/1956 fjalla um ábyrgð á birtu prentefni. Í þeim gildir hið svokallaða „belgíska ábyrgðarkerfi“ sem leiðir til þess að aðeins einn aðili verður á endanum gerður ábyrgur fyrir innihaldi rits.³⁵ Þessar ábyrgðarreglur gilda þó ekki um öll rit. Þær eiga einungis við um efni blaða og tímarita, sbr 13. gr. prl. Um ábyrgð á öðru efni fer því eftir *almennum reglum laga* ef efni slíks rits brýtur í bága við lög.³⁶ Reglurnar gilda því ekki um efni sem birtist í öðrum fjölmiðlum, t.d á Netinu, sbr. 1. gr. prl.

Ábyrgðarröðin er þessi, sbr 2. og 3. mgr. 15. gr. prl.³⁷

1) Höfundur ber refs- og fébótaábyrgð á efni rits, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

2) Hafi enginn slíkur höfundur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.

Eru til mörg dómafordæmi um beitingu þessarar ábyrgðarraðar.

Samkvæmt 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 ber sá sem flytur efni í útvarpi eða sjónvarpi í eigin nafni eða tekur þátt í samtali í eigin nafni, ábyrgð á því. Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar hefur samið en útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni. Hér er

³⁵ *Alþt.* 1955, A-deild, bls. 133-135.

³⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 133.

³⁷ Sama heimild, bls. 134.

um tiltekna ábyrgðarröð að ræða líkt og í prentlögum, sem miðar að því að gera einhvern einstakan aðila ábyrgan að lokum. Taka því hvorki prentlögin né útvarpslögin til Netsins samkvæmt skýru orðalagi sínu. Hafa prentlögin mun oftari verið í umræðunni en útvarpslögin varðandi hugsanlega lögjöfnun um ábyrgð á birtu efni á Netinu. Mun ég því lítið fjalla um þau.

3.3.1.1 Kemur lögjöfnun frá ábyrgðarröð prentlaga, um ábyrgð annarra en höfundar, til greina varðandi ábyrgð á birtu efni á Netinu ?

Lögjöfnun er sjálfstæð réttarheimild sem leiðir af beitingu tiltekins lagaákvæðis um ólögakveðið atriði, þótt ákvæðið taki ekki til þessa atriðis samkvæmt orðum sínum eða viðurkenndum lögskýringaraðferðum.³⁸ Í 1. gr. hgl. er lögjöfnun löghelguð sem frávik frá grundvallarreglunni um lögbundnar refsheimildir, þ.e. að refsa megi manni fyrir háttsemi, ef henni “má öldungis jafna til hegðunar”, sem afbrot er talin í settum lögum.³⁹ Þessi útgáfa réttarheimildarinnar er kölluð fullkomin lögjöfnun og er í raun skylt að beita henni ef skilyrði hennar eru fyrir hendi. Styðst reglan einnig við 69. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 1. gr. hgl. má lögjafna jafnt frá sérrefsilögum sem og hegningarlögum sjálfum.⁴⁰

Helstu skilyrði fullkominnar lögjöfnunar eru þessi : Tilvikið sem til úrlausnar er þarf að vera *ólögakveðið* í rúmri merkingu. Lagalegt „tómarúm” þarf að vera til staðar. Mætti færa að því rök svo væri í tilviki Netsins. Í áðurnefndum *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007* vildi lögmaður stefnanda lögjafna frá ákvæði 2.mgr.15.gr.prl. varðandi ábyrgð stefnda á ummælum sínum. Af dómnum verður ráðið að ekki væri um ólögakveðið tilvik að ræða heldur taldi hann að 235.gr.hgl. ætti við. Í þeirri grein segir m.a:,eða ber slíka aðdróttun út”... Hér velti höfundur því fyrir sér að dómariinn teldi að vegna orðalagsins um útbreiðslu ærumeiðinganna, álitum hann að ákvæðið fæli í sér sjálfstæða ábyrgð stefnda á ummælum sínum og því hafi ekki þurft að beita lögjöfnun frá 2.mgr.15gr.prl. Telur Eiríkur Jónsson einmitt að orðalag sumra ærumeiðingarákvæða hegningarlaga geti

³⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*. Reykjavík 2005, bls. 195.

³⁹ Sama heimild, bls. 195.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 202.

falið í sér slíka sjálfstæða ábyrgðarreglu.⁴¹ Þrátt fyrir þetta taldi Eiríkur dóminn ekki eiga við útbreiðsluna, heldur einfaldlega „ef maður dróttar“, sbr. orðalag 235. gr. hgl. Það þurfi ekki útbreiðslu til. Ef maður dróttar, ber maður ábyrgð.⁴²

Óumdeilt var að stefndi var höfundur þeirra skrifa þar sem hin umdeildu ummæli birtust. Hefði því verið nærtækara fyrir stefnanda að vísa til fyrri fordæma Héraðsdóms um að ef vitað er um höfund efnis, þá beri hann ábyrgðina, samanber m.a. fyrrnefndan *dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. október 2005*.

Tilvikið þarf líka að vera *eðlisskylt*. Um *efnislega samstöðu* þarf líka að vera að ræða. Tilvik þar sem augljóst er að löggjafinn hefði viljað fella undir ákvæðið.⁴³ Þar sem nægileg tengsl, sömu markmið og röksemdir lægju að baki.

Í fyrrnefndum *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007* var lögjafnað frá 22.gr. prentлага varðandi skyldu til birtingar dómsins.

Í forsendum héraðsdóms sagði m.a.:

[S]tefnandi krefst þess jafnframt að stefnda verði gert skylt að birta forsendur dóms þessa og dómsorð á vefsvæði sínu þegar dómur gengur í málinu. Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Í 1 mgr. umræddrar greinar segir: „Nú er höfundi eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir kröfu þess sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.“ Í 2.mgr. segir að útgefanda (ritstjóra) sé skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu dómhafa í fyrsta tölublaði sem út kemur, eftir að dómur er birtur...

Síðar segir héraðsdómur:

[E]ins og ákvæðið ber með sér tekur það til birtingar efnis í blöðum eða tímaritum en ekki til efnis sem birt er á vefsíðum. Ekki er til að dreifa lagaákvæðum um slík tilvik. Telja verður að efnislega sé um sambærileg tilvik að ræða enda staðreynd að mörg dagblöð eru gefin út á vefmiðlum. Með lögjöfnun frá 22. gr. laga nr. 57/1956 ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda að stefnda verði gert skylt að birta forsendur dóms og dómsorð á vefsvæði sínu þegar dómur gengur...

⁴¹ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu“. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

⁴² Sama heimild.

⁴³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*. Reukjavík 2005, bls. 196-198.

Þessi niðurstaða hefur vakið upp spurningar hvort til greina komi að lögjafna frá ábyrgðarröð prentlaga um ábyrgð annarra en höfunda varðandi ábyrgð á birtu efni á Netinu. Á áður nefndu málþingi taldi Eiríkur Jónsson ekki hægt að fullyrða hvort dómstólar teldu sér slíkt fært.⁴⁴ Með því væri seilst ansi langt og lengra en í framangreindum dómi. Eiríkur bendir hins vegar á að lögsókn í þessum málum þurfi ekki að byggjast á kröfum um refsikennð úrræði, heldur sé sjálfstæð skaðabótaábyrgð einnig möguleg, sbr.nánar síðar. Ragnhildur Helgadóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, taldi að dómstóllinn væri að horfast í augu við að blogg félli ekki undir prentlög, en að hann teldi hinsvegar um að ræða sambærileg tilvik og því ættu samskonar reglur að gilda um miðlana.⁴⁵

Varðandi lögjöfnunina má benda á að sé um tæmandi upptalningu í ákvæði að ræða, beri frekar að gagnálykta fremur en að lögjafna. Tel ég samt mjög ólíklegt að gagnályktað yrði þannig frá ábyrgðarröð prentlaganna. Eins ber að nefna þá reglu að sambærileg tilvik eigi að hljóta sambærilega meðferð, sbr.65.gr.stjórnarskrárinnar. Einnig má nefna, að leiði lögjöfnun af sér haganlega og réttláta réttarreglu, er beiting hennar líklegri. Slíkt yrði þó væntanlega umdeilt hér.

Borgar Þór Einarsson telur t.d. líklegt að beita megi ábyrgðarreglum prentlaga á þennann máta.⁴⁶ Vill hann heimfæra hin ólíku „hlutverk“ prentlaga í 2. og 3. mgr. yfir á Netid.

Hann bendir á að sé höfundi ekki til að dreifa, beri ritstjóri síðu ábyrgðina eða sá sem annast hana. Finnist þeir ekki sé hugsanlegt, sbr. 3.mgr.15.gr.prl. að vistunaraðili síðunnar beri ábyrgðina. Og að lokum sá sem séð hefur um að setja efnið inn á síðuna.

Flestir yrðu þó líklega sammála um að fara yrði varfærnislega í lögjöfnun sem þessa, enda er ein af kröfunum varðandi beitingu fullkominnar lögjöfnunar sakborningi í óhag, sú að gætt sé mikillar varfærni við beitingu reglunnar.⁴⁷ Eiríkur Jónsson telur að fyrst lögjafnað var frá prentlögum í „bloggdómnum“ sé lögjöfnun frá ábyrgðarreglum þeirra einnig möguleg. Hann telur jafnframt að með því væri nokkuð langt seilst.⁴⁸

⁴⁴ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu“. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

⁴⁵ „Tímamótamál með lögjöfnun“. *Morgunblaðið*. 6. mars 2008, bls. 1. Aðgengilegt rafrænt á www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=1197869 (Síðast skoðað 11. ágúst 2008)

⁴⁶ Sjá Borgar Þór Einarsson: „Ábyrgðarleysi á Netinu“ *Deiglan*. *Vefrit um þjóðmál* 1. janúar 2001. Aðgengilegt rafrænt á www.deiglan.com/index.php?itemid=262 (Síðast skoðað 18.júlí 2008).

⁴⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*. Reykjavík 2005, bls. 200.

⁴⁸ „Holskefla lögsókna vegna bloggummæla“. *Morgunblaðið*. 29. febrúar 2008, bls. 2.

3.3.2 Ábyrgð milligönguaðila

3.3.2.1 Almennt

Vangaveltur varðandi ábyrgð milligönguaðila á ærumeiðandi efni hafa verið háværar, bæði hér á Íslandi sem og víða annars staðar.

Stangast þar á, annars vegar hugmyndir um frjálst flæði upplýsinga, eðlileg rekstrarskilyrði netþjónustuaðila og tjáningarfrelsi á Netinu, og hins vegar hugmyndir um að ávallt eigi að vera hægt að gera einhvern ábyrgan fyrir ósiðlegu efni (hér ærumeiðandi) án þess að nokkur sé undanskilinn í þeim efnunum.

Páll Sigurðsson líkir milligönguáðilum á Netinu við Vegagerð ríkisins, sem byggir vegi og haldi þeim svo við. Þeir sjái fyrst og fremst um að halda samskiptaleiðum opnum, almenningi til gagns. Svo segir Páll:

Vegagerðinni verður ekki kennt um, þótt einstaka ökumenn, sem noti vekakerfið, aki of hratt eða glannalega, séu undir áhrifum áfengis eða virði ekki almennar umferðareglur...⁴⁹

Taka mætti, að nokkru leyti undir þessa líkingu Páls.

Eiríkur Jónsson bendir á að ýmis álitafni geti risið um hvort þjónustufyrirtæki sem aðstoða við birtingu efnis, t.d. með hýsingu, geti borið ábyrgð ef höfundur er ekki nafngreindur.⁵⁰ Bendir hann m.a. á reglur V.kafla laga nr. 30/2002 um rafræna þjónustu varðandi ábyrgðartakmörkun milligönguaðila og þau sjónarmið ýmissa mannréttindastofnana um að enginn skuli gerður ábyrgur fyrir efni á Netinu sem viðkomandi er ekki höfundur að.⁵¹

Ýmsar skoðanir eru um þessi álitamál. Eiríkur Tómasson telur til að mynda að herða þurfi lög varðandi ábyrgð þeirra sem reka einstakar vefsíður⁵²

Með skaðabótalögum nr. 50/1993 var þágildandi 264. gr. hgl. felld úr gildi en eftirfarandi regla tekin upp í 26. gr. Eftir breytingar árið 1999 með lögum nr. 37/1999 hljóðar ákvæðið svo:

„Heimilt er að láta þann sem:

⁴⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 1997, bls. 417

⁵⁰ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögsmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Útljótur* 1. tbl. 2007 bls. 75.

⁵¹ Sama heimild, bls. 75.

⁵² „Ábyrgð þeirra sem skrifa á Netinu”. *Tölvumál* 1. tbl. 2006 bls. 26.

- a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
 - b. ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.
- Þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Með þessu fluttist heimildin til að dæma miskabætur fyrir ólögmeta meingerð gegn æru úr hegningarlögum yfir í skaðabótalög. Með þessu breyttist einnig skilyrðið um refsiverða meingerð yfir í ólögmeta meingerð. Átti þessi breyting að veita aukna réttarvernd gegn þessum brotum.⁵³ Hefur þróun síðustu ára verið sú að vernd ærunnar hefur að töluverðu leyti flust frá refsiréttinum yfir á svið skaðabótaréttarins.

Í þessum kafla verður lögð nokkur áhersla á að kanna mögulega sjálfstæða ábyrgð ýmissa milligöngumanna á ærumeiðandi ummælum á Netinu. Tekin verða dæmi af þremur tegundum milligöngumanna, þó þar sé engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða, þ.e. ábyrgð bloggara á athugasemdafærslum, ábyrgð ritstjóra (umsjónarmanns vefsíðu) og ábyrgð tæknilegs hýsingaraðila. Í þessu sambandi er rétt að minna á að lögjöfnun frá prentlögum kann að vera ein leið til að koma ábyrgð á milligönguaðila á Netinu. Yrðu þá hin mismunandi „hlutverk“ milligönguaðila (hér: bloggari, ritstjóri og tæknilegur hýsingaraðili), heimfærð á hin mismunandi „hlutverk“ 2. og 3. mgr. prl., sbr. fyrri umfjöllun mína. Kann þetta að vera ein leið til að færa ábyrgð á milligönguaðila. Mun ég þó í kaflanum leggja aðaláhersluna á skaðabótalögin en einnig verður kannað hvort ákvæði hegningarlaga geti leitt til sjálfstæðrar ábyrgðar milligönguaðila samkvæmt beinu orðalagi sínu.

3.3.2.2 Sjálfstæð ábyrgð umsjónarmanns vefsíðu

Á áðurnefndu málþingi Orator, þann 13. mars 2008, nefndi Eiríkur Jónsson að almennar reglur kynnu að leiða til sjálfstæðrar ábyrgðar þess sem færir með umsjón tiltekinnar vefsíðu.⁵⁴ Myndi slík ábyrgð byggjast á 26. gr. skbl. um bætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru eða persónu. Tók hann fram að meginskilyrðið væri saknæm háttsemi af tilteknum grófleika. Mætti eftir atvikum líta á það sem saknæma

⁵³ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Útljótur* 1. tbl. 2007 bls. 87-88.

⁵⁴ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu”. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

háttsemi að hálfu umsjónaraðila eða vefstjóra að fjarlægja ekki níðingsleg skrif af vefsíðu. Gæti slík háttsemi, eftir atvikum, talist sjálfstæð meingerð gegn æru eða persónu, sbr. b-lið 26. gr. skbl.⁵⁵ Ég er að ræða um sjálfstæða ábyrgð umsjónarmanns vefsíðu á skrifum annarra, þ.e. hlutlæga ábyrgð. Eiríkur Jónsson telur að þrátt fyrir að 26. gr. skbl. geri ekki ráð fyrir hlutlægrri ábyrgð, heldur krefjist sagnæmrar háttsemi sem bitni á æru manna, geti komið til hlutlægrar ábyrgðar vegna ólögmætrar meingerðar í ákveðnum tilvikum.⁵⁶ Og þrátt fyrir að erfitt væri að heimfæra ábyrgð ritstjóra vefsíðu af skrifum annarra, undir vinnuveitandaábyrgð þá sé alls ekki útilokað að það geti komið til hlutlægrar ábyrgðar á grundvelli 26. gr. skbl.⁵⁷

Dæmi um það sem aukið gæti líkur á sjálfstæðri ábyrgð ritstjóra: Það er talið skipta máli hversu vítt hin ærumeiðandi ummæli berast.⁵⁸ Útbreiðsla ærumeiðinganna myndi einnig auka lýkur á sjálfstæri ábyrgð ritstjóra, en þróun síðustu ára er sú að nú þyrfti verulega mikið til að koma svo að útbreiðsla ærumeiðinganna varði ábyrgð, sbr. líka nánar síðar.

Hvað gæti aukið líkur á sjálfstæðri ábyrgð ritstjóra? Á síðustu árum hafa ýmsar athafnir og ákvarðanir verið taldar fela í sér ólögmæta meingerð gegn æru.⁵⁹ Fleiri tegundir hegðunar falla nú undir 26. gr. skbl. Getuleysi ritstjóra að fjarlægja ekki níðingsleg skrif af síðunni, sbr. áður, gæti eftir atvikum fallið undir slíka „athöfn eða ákvörðun“.

3.3.2.3 Sjálfstæð ábyrgð bloggara

Hér er ég aðallega að tala um sjálfstæða ábyrgð bloggara á athugasemdafærslum sem birtast á bloggsíðu hans. Eins og í kaflanum að ofan, þá yrði um hlutlæga ábyrgð bloggarans á skrifum annarra að ræða. Slíkt myndi ekki útiloka sjálfstæða ábyrgð bloggarans, sbr. áður. Nefna mætti einnig útbreiðslu ummælanna og það hvar ummælin birtast, sbr. í kaflanum að ofan, í þessu samhengi. Hér mætti einnig nefna að afleiðingar árása á æruna geta skipt máli varðandi hugsanlega ábyrgð skv. 26. gr. skbl.⁶⁰

⁵⁵ Sama heimild.

⁵⁶ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfjótur* 1. tbl. 2007 bls. 74.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 73-74.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 79-80.

⁵⁹ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfjótur* 1. tbl. 2007 bls. 88-89.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 77.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um það en margir telja einmitt að afleiðingar ærumeiðandi ummæla á Netinu, oft vegna skrifa í athugasemdakerfum blogg síða, geti valdið sérstaklega miklum sárindum.

Almennt virðist þróunin á vesturlöndum vera sú að útiloka hlutlæga ábyrgð fyrir svona skrif.

3.3.2.4 Um takmörkun á ábyrgð milligönguaðila, sbr. V.kafli laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu

Í þessum kafla mun ég fyrst og fremst fjalla um takmarkanir á ábyrgð hins tæknilega milligönguaðila.

Árið 2000 setti Evrópusambandið tilskipun um rafræn viðskipti sem var ætlað að tryggja frjálst flæði þjónustu, sem veitt væri með rafrænum hætti.⁶¹ Ákvæði hennar voru svo innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu (hér eftir nefnd lrvþ.) Í lögnum eru m.a. reglur um það hvernig milligönguaðilar geta komið sér undan ábyrgð á ólögmætu efni sem birtist á Netinu. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2002, segir um ábyrgð milligönguaðila:⁶²

[T]il að eyða lagalegri óvissu og til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja er kveðið á um takmörkun á ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milligönguaðilar, þ.e. þeirra sem veita aðgang að fjarskiptaneti, miðla gögnum um fjarskiptanet eða hýsa gögn sem þjónustuþegi lætur í té. Kveðið er á um þá meginreglu að milligönguaðilar skuli ekki bera ábyrgð á innihaldi þeirra gagna sem þeir hýsa eða miðla, nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, svo sem vitneskju um gögnin.

Í lögnum er ekki beinlínis minnst á ærumeiðingar, en gera má ráð fyrir því að þau taki líka til þess konar efnis. Reglurnar um takmörkun milligönguaðila eru í V.kafli laganna. Þar er hlutverkum milligönguaðilanna skipt í þrennt. Í 12. gr. er fjallað um *hreina áframmiðlun*. 13. gr. fjallar um ábyrgð þegar um *tímabundna geymslu*, eða skyndivistun (e.caching) er að ræða. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. er takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda einnig háð því að hann fjarlægi gögnin þegar hann hefur fengið rökstudda vitneskju um tiltekin atriði, m.a. að gögnin hafi verið fjarlægð úr fjarskiptaneti við upptök miðlunar eða aðgangur hafi verið hindraður að gögnunum.

⁶¹ *Alþt.* 2001-2002, A-deild, bls. 3324-3325.

⁶² *Alþt.* 2001-2002, A-deild, bls. 3326.

Með því er átt við að gögnin séu ekki lengur aðgengileg á þeim netþjóni þar sem þau eru hýst.⁶³ 14. gr. fjallar svo um ábyrgð *hýsingaraðila*. Eins og í 13. gr. er ábyrgð þeirra verulega takmörkuð, svo framarlega sem þeir fjarlægja gögn, eða hindra aðgang að þeim, eftir að þeim verður ljóst ólöglegt innihald þeirra.

Erfitt getur verið að henda reiður á hverjir flokkist undir hýsingaraðila. Erla S. Árnadóttir bendir á að með hýsingaraðilum sé bæði átt við þá sem veita aðgang að Netinu, sem og þá sem reka t.d. spjallborð.⁶⁴ Bendir hún á að ábyrgð þess hýsingaraðila sem ritskoði efni geti hugsanlega verið af öðrum toga en þess er einungis veitir þjónustu án nokkurrar tilraunar til ritskoðunar. Sá fyrrnefndi geti því borið sjálfstæða refsí-og skaðabótaábyrgð, sbr. umfjöllun mín í kafla 3.3.2.2.

Tilskipunin byggir því á því að milligönguaðilar beri ekki ábyrgð á efni, svo framarlega sem þeim er ekki kunnugt um innihald þess. Virðist því tilskipunin hygla þeim, er stinga hausnum ofan í sandinn, og passa sig á því að kynnast ekki innihaldi gagnanna. Að sama skapi virðist hún refsa þeim, sem vilji vera ábyrgir milligönguaðilar sem bjóði e.t.v. upp á fjölskylduvænni netþjónustu, með tilheyrandi ritskoðun!

Algengt er að notendur vefsíðna gangist undir sérstaka skilmála, þar sem meðal annars sé kveðið á um að þeir beri sjálfir ábyrgð á skrifum sínum. Eru slíkir skilmálar algengir.⁶⁵ Nokkur óvissa ríkir um það hvaða áhrif svona skilmálar hafa að lögum varðandi hugsanlega ábyrgð milligönguaðila. Þrátt fyrir það leggja stjórnendur hinna ýmsu netþjónustuaðila ríka áherslu á slíka skilmála. Í júlí síðastliðnum birti Fréttablaðið t.d. frétt um mann sem var beðinn um að fjarlægja blogg færslu af Netinu, þar sem hann hafði nafngreint meintan kynferðisafbrotamann. Í fréttinni segir Árni Matthíasson, vefstjóri Morgunblaðsins, einnig:

[M]at lögmanns Árvakurs er að ábyrgðin liggja hjá þeim sem heldur síðunni úti. Allir sem skrá sig hjá okkur gera það með kennitölu þannig að við vitum hver viðkomandi er...

Ef ábyrgðin er bloggarans hlýtur sú spurning að vakna af hverju Moggamenn eru að skipta sér af efninu. Árni segir að allir gangist undir sérstaka skilmála þegar þeir skrái sig. Hann segir jafnframt:

⁶³ Sama heimild, bls. 3341-3342.

⁶⁴ Erla S. Árnadóttir: „Ærumeiðingar og netþjónustuaðilar“. *Morgunblaðið* 27. febrúar 2004, bls. 28.

⁶⁵ Samanber t.d. skilmálar á Hugi.is og Barnaland.is.

[V]ið höfum gripið inn í ef okkur finnst menn ganga of langt t.d með því að birta klámfengið efni, meiðandi efni eða kynþáttanið...⁶⁶

Samkvæmt framangreindu má sjá að tilhneiging er til þess, almennt, að takmarka ábyrgð milligönguaðila á birtu efni á Netinu. Þetta á við allsstaðar á Vesturlöndum. Eiríkur Jónsson bendir til að mynda á sameiginlega yfirlýsingu tjáningarfrelsisfulltrúa SP, ÖSE og OAS frá 2005 þar sem þessum sjónarmiðum er einnig haldið uppi.⁶⁷ Í Bandaríkjunum voru t.d. sett lög, árið 1996, sem takmarka verulega, hugsanlega ábyrgð milligönguaðila.⁶⁸ Eru þau áhugaverð í því ljósi að Bandaríkin eru leiðandi í allri umræðu og þróun hins “landamæralausa” Veraldarvefs.

3.3.2.5 Sjálfstæð ábyrgð milligönguaðila samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940

Lögjöfnun frá prentlögum eða sjálfstæð ábyrgð skv. 26. gr. skbl. þurfa ekki að vera einu leiðirnar til að koma sjálfstæðri ábyrgð á milligönguaðila á Netinu. Beint orðalag sumra ærumeiðingarákvæða hgl. geta gert slíkt hið sama.⁶⁹ Hér má sérstaklega nefna 234. og 235. gr. hgl. þar sem útbreiðsla móðgana og aðdróttana teljast sjálfstæð brot. Hér verður þó aftur að geta þess að útbreiðsla meiðandi ummæla varði almennt ekki ábyrgð.⁷⁰ Nýleg dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu staðfestir það að nokkru leyti. Ætla má að íslenskir dómstólar muni beita svipuðum sjónarmiðum og mannréttindadómstóllinn í þessa veru.⁷¹

Hér mætti einnig nefna 2. mgr. 236. gr. hgl. þar sem segir að sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæður til að halda hana rétta, þá varði það sektum eða fangelsi. Erfitt er að fullyrða nokkuð, en ekki má útiloka að ábyrgð milligönguaðila á ærumeiðandi ummælum á Netinu, geti byggst á beinu orðalagi hegningarlaganna, eftir atvikum, ef við á.

⁶⁶ „Nafngreindi háskólakennarann á bloggi”. *Fréttablaðið* 9. júlí 2008, bls. 22.

⁶⁷ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu”. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

⁶⁸ Communications Decency Act, 47 USC, s. 230 (1996).

⁶⁹ Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Netinu”. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*. Reykjavík. 13. mars 2008.

⁷⁰ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Úlfjótur* 1. tbl. 2007 bls. 86.

⁷¹ Sama heimild, bls. 51-52.

4. Lokaorð

Hér að framan hefur verið reynt að gefa svör við því hver beri hina formlegu ábyrgð á ærumeiðandi efni sem birtist á Netinu. Óhætt er að segja að talsverð óvissa ríki um það. Þær ályktanir sem ég hef dregið eru samt sem áður þessar:

- 1) Höfundur efnis ber ábyrgðina ef ljóst er hver hann er.
- 2) Ef ekki er vitað um höfund ríkir mikil óvissa. Ekki er hægt að fullyrða hvort dómstólar teldu sér fært að lögjafna frá ábyrgðarröð prentlega varðandi ábyrgð annarra en höfundar. Það er engu að síður hugsanlegt.

Sjálfstæð skaðabótaábyrgð milligönguaðila, td.umsjónarmanna vefsíðna, bloggara og tæknilegs hýsingaraðila er ekki útilokuð en er þó frekar ólíkleg, m.a. vegna ríkrar tilhneigingar til að undanskilja fjölmiðla og milligönguaðila ábyrgð á efni sem þeir miðla. Einnig er ábyrgð vegna útbreiðslu ærumeiðinga á fallandi fæti. Að lokum var bent á að sjálfstæð ábyrgð samkvæmt beru orðalagi ákvæða hegningarlaga er ekki heldur útilokuð.

Segja má að núgildandi löggjöf taki ekki með nægilega skýrum hætti á þessum álitamálum. Sumir telja að rangt væri að setja sérreglur um þessi efni, vegna hinnar öru tækniþróunar. Netið sé sífellt að þróast og að hinar nýju reglur yrðu fljótt úreltar.

Líklega eru þó fleiri á þeirri skoðun að brún þörf sé á að löggjafinn taki af skarið og skýri réttarstöðuna með nýrri löggjöf.

Heimildir

Alþingistíðindi

1955, A-deild.

2001-02, A-deild.

2005-06, A-deild

„Ábyrgð þeirra sem skrifa á Netinu”. *Tölvumál*. 1. tbl. 31. árgangur, 2006, bls. 26.

Borgar Þór Einarsson. „Ábyrgðarleysi á Netinu?” *Deiglan*. Vefrit um þjóðmál. 1. janúar 2001. Aðgengilegt rafrænt á www.deiglan.com/index.php?itemid=262

Einar Arnórsson. „Meiðyrði og meiðyrðamál”. *Tímarit lögfræðinga*. 3. hefti, 2. árgangur, 1952, bls. 123-178.

Eiríkur Jónsson. „Ábyrgð á birtu efni á Netinu”. *Framsaga á málþingi sem fram fór á vegum Orator*, 13. mars 2008.

Eiríkur Jónsson. „Miskabætur vegna ólögþætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga”. *Úlfjótur*. 1. tbl. 60. árgangur, 2007, bls. 25-96.

Erla S. Árnadóttir. „Ærumeiðingar og Netþjónustuaðilar”. *Morgunblaðið*. 27. febrúar 2004, bls. 28.

Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur*. 2. útg. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 1999.

Gunnar Thoroddsen. *Fjölmaeli*. Menningarsjóður. Reykjavík, 1967.

„Holskefla lögsókna vegna bloggummæla” *Morgunblaðið*. 29. febrúar 2008, bls. 2.

Hörður Einarsson. *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*. Reykjavrent. Reykjavík, 1997.

Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíábyrgð I*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 2005.

„Nafngreindi háskólakennarann á bloggi”. *Fréttablaðið*. 9. júlí 2008, bls. 22.

Páll Sigurðsson. *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 1997.

„Tímamótamál með lögjöfnun” *Morgunblaðið*. 6. mars 2008, bls. 1.

Dómar

Hæstaréttardómar

Dómur Hæstaréttar frá 13. júní 2001 í máli nr. 193/2001.

Dómur Hæstaréttar frá 30. mars 2006 í máli nr. 490/2005.

Héraðsdómar

Dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 21. febrúar 2007 í máli nr. S-634/2006.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. febrúar 2008 í máli nr. E-3619/2007.